

Litur rétturinn svo á, að bæði með og við flutning skipsins frá bryggjunni hafi stendur Eyþór Hallsson eigi gætt almennrar varúðar, er hverjum góðum manni sæmir, og að það hafi verið vitaverð ráðstöfun hjá honum sem skipstjóra, að leysa skipið úr öruggum festum við bryggjuna og leggja því fyrir stuttum festum á lélegan haldbotn, ónothæfa vél og mannlausu í ofviðri. Hafi hann með þessum ráðstöfunum orsakað það, að e/s Bjarki rak á bryggjur hafnarsjóðs Siglufjarðar, svokallað „Anlegg“, og sé hann því og meðstefnt Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, sem hefir látið mæta í málinu sem formlegur aðili við hlið meðstefnds Eyþórs Hallssonar, ábyrgt fyrir framangreindum skaða á svokölluðum Anleggsbryggjum, og beri því að bæta hann með umstefndri upphæð, kr. 3580,00, er eigi hefir verið mótmælt, og auk þess greiða umstefnda vexti og matl.- (sic) og málskostnað.

---

Mánudaginn 18. október 1937.

Nr. 52/1937. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)  
 gegn

**Ottó Hannessyni** (Pétur Magnússon).

Bifreiða- og áfengislagabrot.

*Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 13. febr. 1937:*  
 Kærður, Ottó Hannesson, greiði 125 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal sviftur leyfi til þess að stjórna bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Með því að fallast má á forsendur hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta hann, þó svo, að vara-

refsingin verði 10 daga einfalt fangelsi, ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málsúrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 kr. til hvors.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vararefsingin verði 10 daga einfalt fangelsi, ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Kærði, Ottó Hannesson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Péturs Magnússonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Ottó Hannessyni, bifreiðastjóra, til heimilis Urðaveg 17 hér í bænum, fyrir brot gegn bifreiðalögnum nr. 70 frá 8. september 1931, áfengislögnum nr. 33 frá 9. janúar 1935 og lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar frá 31. marz 1928.

Málavextir eru sem hér segir:

Mánudaginn þann 25. f. m. um kl. 8 e. h. ók kærður vöruflutningabifreið sinni VE. 80 austur Vestmannabraut, og rakst bifreiðin þar á steinsteyptan stólpa, sem er vestan við hlið á girðingu fyrir framan húsið Geirland, sem er norðan við Vestmannabrautina, og brotnaði ofan af stólp-anum. Lögregluþjónn, sem kom þar að skömmu eftir að árekstur þessi varð, en er kærður hafði þá ekið burtu af

árekstrarstaðnum, náði því tali af kærðum, og var kærður þá samkvæmt framburði lögregluþjóns þessa bersýnilega undir áhrifum áfengis, þó ekki mikið drukkin.

Vitnið Haraldur Ágúst Haraldsson, sem var í bifreiðinni með kærðum, er árekstur þessi varð, hefir borið, að hann hafi hitt kærðan í framangreindri bifreið á Vestmannabrautinni á móts við Vöruhús Vestmannaeyja, og hafi kærður boðið honum í bifreiðina til sín, og hafi vitnið þegið það og sezt inn í stýrishús bifreiðarinnar hjá kærðum, og hafi kærður því næst ekið bifreiðinni austur Vestmannabraut. Hann (vitnið) kveðst ekki hafa séð á hraðamæli bifreiðarinnar og kveðst ekki geta sagt um, með hve miklum hraða kærður hafi ekið, þar eð vitnið kveðst aldrei hafa ekið bifreið sjálfur, en hann kveður kærðan hafa ekið hraðar en bifreiðar séu vanar að aka hér innan bæjarins, að vitninu virtist. Vitni þetta hefir borið, að framangreindur árekstur hafi atvikast þannig, að er bifreiðin var komin austur að stað þeim, sem áreksturinn varð á, hafi barn verið á miðjum veginum fram undan bifreiðinni, og hafi kærður því hemlað bifreiðina og stöðvað hana snögglega, og hafi bifreiðin, er hún stanzaði, verið 15—20 metra frá barninu, en við að stanza svo snögglega hafi bifreiðin snúizt eða runnið þannig til að aftan, að afturendi hennar hafi snúizt eða runnið norður eftir veginum, og bifreiðin því næst runnið norður af veginum og afturendi burðarborðsins rekizt á stólpann og brotið hann, en lítilsháttar halli er þar norðar af veginum, og vegurinn litið eitt upphækkaður, og hefir vitni þetta borið, að bílnum hafi því næst verið ýtt upp á veginn.

Vitni þetta hefir borið, að hann hafi ekki tekið eftir, hvort kærður var undir áhrifum áfengis, á meðan vitnið var hjá honum inni í stýrishúsi bifreiðarinnar, en er kærður var kominn út úr bifreiðinni, kveðst vitnið hafa séð, að hann var undir áhrifum áfengis, en ekki hafi þó verið mikil brögð að því.

Kærður kveðst hafa ekið framangreindri bifreið sinni um bæinn um stund, áður en áreksturinn varð, og hefir hann kannast við, að hafa verið lítilsháttar undir áhrifum áfengis við þann akstur, og kveðst hafa drukkið ca.  $\frac{1}{4}$  hluta úr hálfflösku af brennivíni, áður en hann hóf aksturinn, en hefir eindregið neitað að hafa drukkið ann-

að eða meira áfengi, áður en hann hóf aksturinn eða við aksturinn, og vitnið Haraldur Á. Haraldsson hefir borið, að hann hafi ekki orðið þess var, að kærður hefði áfengi meðferðis eða neytti áfengis í bifreiðinni.

Kærður hélt fyrst fram, að áreksturinn hefði atvikazt þannig, að er hann kom á bifreiðinni austur undir húsið Geirland, hafi hann séð barn á götunni fram undan bifreiðinni og hafi hann því vikið til vinstri, og hafi bifreiðin þá farið út fyrir veginn og burðarborð hennar rekizt á umræddan stólpa, er hann var að beygja upp á veginn aftur. En eftir að vitnið Haraldur Ágúst Haraldsson hafði verið yfirheyrt í málinu, viðurkenndi kærður, að framburður vitnis þess um, hvernig áreksturinn atvikaðist, væri réttur.

Kærður heldur fram, að hann hafi ekki litið á hraðamæli bifreiðarinnar við umrætt tækifæri og að hann geti ekki sagt um, hve hratt hann hafi ekið. Hann kveðst, er hann varð barnsins var, hafa vikið til vinstri, en kveðst ekki hafa getað komizt fram hjá barninu þannig og því stöðvað bifreiðina þannig, að hann kveðst hafa hemlað hana með fóthemlinum og stöðvaðist vél bifreiðarinnar þá um leið. En við að vera stöðvuð þannig snögglega, hafi afturendi bifreiðarinnar snúizt norður á veginn og runnið út af veginum á framangreindan stólpa, og brotnað ofan af honum, og afturendi burðarborðs bifreiðarinnar lent ofan á steinsteyptan vegg vestur af stólpanum, og hafi bifreiðinni verið ýtt þaðan upp á veginn.

Samkvæmt því, sem þannig er upplýst um hraða þann, er kærður ók með, þykir verða að álita, að hann hafi við umrætt tækifæri ekið hraðar heldur en leyfilegt er samkvæmt 6. gr. bifreiðalaganna og 49. gr. lögreglusamþykktarinnar, og hefir kærður brotið gegn þeim lagaákvæðum og gegn 1. mgr. 15. gr. bifreiðalaganna. Þá hefir kærður með því að aka undir áhrifum áfengis brotið gegn 3. mgr. 5. gr. nefndra laga og gegn 21. gr. áfengislaganna og gegn 48. gr. lögreglusamþykktarinnar.

Kærður, sem er fæddur þann 5. ágúst 1914 í Vestmannaeyjum, var þann 24. desember 1932 sektaður um 50 kr. í löreglurétti Vestmannaeyja fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Vestmannaeyja, og með dómi uppkveðnum í hæstarétti þann 18. marz 1936 var hann dæmdur í 50 króna

sekt fyrir brot gegn 6. gr. bifreiðalaganna og 49. gr. lög-reglusamþykktar Vestmannaeyja (ógætilegan akstur), en hefir annars ekki sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot.

Refsing sú, er kærður hefir unnið til með framan-greindu framferði sínu, þykir eftir atvikum hæfilega á-kveðin 125 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga ein-falt fangelsi i stað sektarinnar, verði hún eigi greidd inn-an fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá verður og að svipta kærðan leyfi til þess að stjórna bifreið i 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma kærðan til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 20. október 1937.

Nr. 23/1937. **H/f Trolle & Rothe f. h. váttrygging-arfélagsins Baltica**

(Sveinbjörn Jónsson)  
gegn

**Andrésí Magnússyni**

(Theódór B. Lindal).

Bifreiðarbruni. Greiðsla váttryggingar.

*Dómur gestaréttar Reykjavíkur 6. janúar 1937:* Stefnd-ur, h/f Trolle & Rothe vegna váttryggingarfélagsins „Balt-ica“, greiði stefnandanum, Andrésí Magnússyni, kr. 3209.14 með 5% ársvöxum frá 23. júní 1936 til greiðsludags. Máls-kostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæsta-réttar með stefnu dags. 16. marz þ. á., hefir gert þessar dómkröfur: **aðallega**, að hann verði alger-